

Eyjafjarðarsveit
Jakobína Ósk Sveinsdóttir
Skólatröð 9
601 Akureyri

Garðabær, 23. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0023
MH

Efni: Deiliskipulag fyrir Ytri-Varðgjá, auglýsing tillögu

Vísað er í tölvubréf frá Eyjafjarðarsveit í gegnum skipulagsgátt, dags. 13. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að nýju deiliskipulagi í landi Ytri-Varðgjá.

Skipulagssvæðið nær yfir um 18,5 ha og í aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018–2030 er það að mestu skilgreint sem *íbúðarsvæði* (ÍB12) en að litlum hluta sem *skógræktar- og landgræðslusvæði* (SL). Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er unnin í samræmi við sérákvæði í aðalskipulagi fyrir íbúðarsvæði í landi Ytri-Varðgjá og nálægra svæða, þar sem meðal annars skal tekið tillit til halla lands og grunnra lækjarfarvega. Fyrirhugað er að á svæðinu verði byggð 35 íbúðarhús með aðkomu frá Veigastaðavegi.

Náttúrufræðistofnun hefur áður gefið umsögn um skipulagslýsingu (dags. 5. okt. 2023) og tillögu að deiliskipulagi svæðisins (dags. 11. jan. 2024) en um er að ræða svæði sem ekki er innan verndarsvæða eða svæða sem njóta sérstakrar verndar. Samkvæmt vistgerðakorti flokkast svæðið að mestu sem tún og akurlendi, þar eru einnig mannvirki og skógræktarsvæði. Stofnunin ítrekar það sem fram kom í fyrri umsögnum, þ.e. að leggja ætti mat á hvort breytt landnotkun muni hafa áhrif á lífríki, einkum fuglalíf. Þá mætti skoða hvort friðaðar plöntutegundir finnist innan skipulagsreitsins og þar ber sérstaklega að nefna maríulykil (*Primula stricta*) en útbreiðsla þessarar sjaldgæfu plöntutegundar er fyrst og fremst í Eyjafirði. Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

